

## Fundur í stjórn foreldrafélagsins 14. mars 2011.

### Mættir voru:

Ásdís, Erla Rán, Vaka og Sigríður

### **Gjafir:**

Foreldrafélagið gaf skólanum bingótromlu og 200 fjölnota bingóspjöld í febrúar. Kostnaður 77546 kr.

### **Ályktanir:**

#### 1. mötuneyti

Stjórnarmenn í foreldrafélaginu heyra enn óánægjuraddir með mötuneytið í Naustaskóla. Ákveðið var að Foreldrafélagið ætla að sækjast eftir því að mæta í mat í nokkur skipti til að meta með eigin bragðlaukum hvort kvartanir eigi rétt á sér.

#### 2. áherslur í skólastarfi

Eftir góða umræðu um árshátíð skólans ályktar foreldrafélagið að það vilji að skólinn leggi meiri áherslu á að nemendur læri að koma fram og tjá sig opinberlega sem og að allir nemendur fái hlutverk sem skipti máli á árshátíð skólans.

#### 3. Viðtalsdagar að hausti

Foreldrafélagið leggur til að viðtalsdagar að hausti verði færðir fram á miðja haustönn þar sem haustviðtölin fari að mestu í að upplýsa foreldra um praktísk mál sem hægt er að fara yfir á fundi með öllum foreldrum árgangsins í einu.

### **Samtaka:**

Sigríður sagði fundarmönnum frá fyrirhugaðri kynningu á íþróttaskóla fyrir nemendur 6 – 9 ára sem haldin verður í Brekkuskóla 25. mars